

Mál nr. 138/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A.**

Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu jeppabifreiðar vegna slyss þ. 3.10.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 16.7.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 23.7.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Jeppabifreiðinni A var ásamt öðrum bifreiðum ekið svokallaða Mókollaleið frá Jökulheimum áleiðis að Hágöngum vestan Vatnajökuls. Er A var ekið yfir ársprænu á ís brast ísinn undan þunga hennar að framan. Reynt var að draga hana aftur á bak upp úr vökinni, sem hún festist í, en við átak er framhjólin þvinguðust að ísskörinni brotnaði sambandsstöng milli stýrisvélar og hjóls án þess að hún næðist upp úr vökinni. Til að koma í veg fyrir meiri skemmdir á A var ákveðið að tjakka hana upp svo auðveldara yrði að draga hana upp á skörina. Fór M ofan í vökina og kom svokölluðum palltjakki fyrir í festingu undir stuðara vinstra megin og lyfti henni svo upp með tjakknum. Sams konar tjakki var einnig komið fyrir undir hægra framhorni A og lyft undir hana. Við það losnaði tjakkurinn vinstra megin. Fór M þá aftur ofan í vökina til að koma tjakknum fyrir á ný. Er M var að stilla tjakknum upp losnaði tjakkurinn hægra megin undan stuðaranum og lenti stuðari A á vinstri upphandlegg M og braut hann. Díselknúin aflvél A var í gangi meðan á þessu stóð.

Taldi M fullvíst að titringur frá vél A hafi valdið því að tjakkurinn skreið af undirstöðu sinni og A féll niður. Hann krefst bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A.

Álit.

Svo líkamstjón M fáið bætt úr ábyrgðartryggingu A verður ábyrgðin að falla undir hina hlutlægu ábyrgðarreglu 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Samkvæmt því ákvæði skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns.

M slasaðist er hann var að koma tjakki fyrir undir vinstra horni A í því skyni að ná bifreiðinni upp úr vök sem hún hafði fest í. Féll þá A af tjakki hægra megin. Þótt aflvél A hafi verið í gangi í umrætt sinn verður slysið ekki rakið til aksturs hennar, notkunar vélknúins búnaðar eða annarra sérstakra hættueiginleika hennar sem ökutækis. Slysið hlaust því ekki af notkun A í skilningi hinnar hlutlægu ábyrgðarreglu 1. mgr. 88. gr. ufl. Tjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu A.

Reykjavík, 26. ágúst 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.